

AUGLÝSING

um stækkun og breytingu á deiliskipulagi Kotabyggðar, frístundasvæðis í landi Veigastaða I, Svalbarðsstrandarhreppi.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur sveitarstjórn Svalbarðsstrandarhrepps þann 10. janúar 2006 samþykkt stækkun og breytingu á deiliskipulagi Kotabyggðar, frístundasvæðis í landi Veigastaða I.

Í deiliskipulaginu er gert ráð fyrir 13 frístundahúsalóðum til viðbótar þeim 35, skv. eldra deiliskipulagi, á hluta jarðarinnar Veigastöðum I í Svalbarðsstrandarhreppi. Stækkun frístundasvæðisins er aðallega austan við núverandi svæði og liggur sunnan og vestan við Veigastaðaveg nr. 828. Heildarstærð skipulagssvæðisins er um 14,5 ha, en viðbótin er tæpir 4,5 ha.

Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Sveitarstjórinn í Svalbarðsstrandarhreppi, 8. febrúar 2006.

Árni K. Bjarnason.

B-deild – Útgáfud.: 20. febrúar 2006